

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 307/2019**

2020/EES/14/35

frá 13. desember 2019

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1619 frá 12. júlí 2018 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/438 að því er varðar varðveisluskyldur vörsluaðila ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 30g (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/438) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32018 R 1619:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1619 frá 12. júlí 2018 (Stjútíð. ESB L 271, 30.10.2018, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/1619, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram ^(*), eða á gildistökuþingi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2018 frá 23. mars 2018 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 271, 30.10.2018, bls. 6.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjútíð ESB L 26, 30.1.2020, bls. 50, og EES-viðbætur nr. 6, 30.1.2020, bls. 51.